# Skorradalshreppur

## Ársreikningur 2018

Skorradalshreppur
Horni
311 Borgarnes

kt. 600269-0709

# Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun hreppsnefndar og oddvita ........ 3

Áritun óháðs endurskoðanda ........ 4

Rekstrarreikningur ........ 6

Efnahagsreikningur ........ 7

Sjóðstreymisyfirlit ........ 9

Skýringar ........ 10

# Skýrsla og áritun hreppsnefndar og oddvita

Ársreikningur Skorradalshrepps er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins á árinu námu 168,2 millj. kr. samkvæmt ársreikningi fyrir A og B hluta, en þar af námu rekstrartekjur A hluta 167,0 millj. kr.

Álagningarhlutfall útsvars var 12,44% en lögbundið hámark er 14,52%. Álagningarhlutfall fasteignaskatts í A-flokki var 0,46% en lögbundið hámark er 0,5%. Í C-flokki var álagningarhlutfallið 1,28% en lögbundið hámark án álags er 1,32%, en sveitarstjórnir hafa heimild til að hækka álagningarhlutfall í A og C-flokki um allt að 25%.

Rekstrarniðurstaða A og B hluta var jákvæð um 59,0 millj. kr., og rekstrarniðurstaða A hluta var jákvæð um 45,3 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2018 nam 141,3 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi fyrir A og B hluta, en eigið fé A hluta um 145,2 millj. kr.

Ársreikningur Skorradalshrepps fyrir árið 2018 er tilbúin til endurskoðunar og afgreiðslu í hreppsnefnd.

Horni, 10. október 2019

Oddviti:

Ársreikningur Skorradalshrepps fyrir árið 2018 hefur hlotið afgreiðslu hreppsnefndar í samræmi við samræmi við 61. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og er staðfestur og áritaður við síðari umræðu í hreppsnefnd.

Hvanneyri, 23. október 2019

Hreppsnefnd:

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til hreppsnefndar Skorradalshrepps.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Skorradalshrepps fyrir árið 2018 sem hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins 31. desember 2018 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð sveitarfélaginu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð hreppsnefndar og oddvita á ársreikningnum

Hreppsnefnd og oddviti eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og sveitarstjórnarlög og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber hreppsnefnd og oddvita að leggja mat á rekstrarhæfi sveitarfélagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi nema það sé ekki lengur til staðar.

Hreppsnefnd og oddviti skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins.

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:**

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.
- Ályktum við um hvort notkun hreppsnefndar og oddvita á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um áframhaldandi rekstrarhæfi sveitarfélagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sveitarfélagsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.
- Öflum við nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna um fjárhagsleg málefni rekstrareininga sem falla undir A og B hluta starfsemi sveitarfélagsins til að geta gefið álit á ársreikningnum. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, eftirliti og framkvæmd endurskoðunar sveitarfélagsins og berum óskipta ábyrgð á áritun okkar.

Við upplýsum hreppsnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Við lýsum því einnig yfir við hreppsnefnd að við höfum uppfyllt skyldur siðareglna um óhæði og upplýsum um tengsl eða önnur atriði sem gætu mögulega talist hafa áhrif á óhæði okkar og þegar við á, til hvaða varnaraðgerða við höfum gripið.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu oddvita og hreppsnefndar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Borgarnes, 23. október 2019

***KPMG ehf.***

# Rekstrarreikningur 2018

| | Skýr. | A hluti Ársreikningur 2018 | A hluti Áætlun 2018 | A hluti Ársreikningur 2017 | A og B hluti Ársreikningur 2018 | A og B hluti Áætlun 2018 | A og B hluti Ársreikningur 2017 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | | | | |
| Útsvar og fasteignaskattur ................ | 4 | 89.633 | 81.080 | 79.296 | 89.405 | 81.080 | 79.066 |
| Framlög Jöfnunarsjóðs ..................... | 4 | 52.178 | 0 | 89 | 52.178 | 0 | 89 |
| Aðrar tekjur ...................................... | 4 | 25.144 | 22.925 | 19.944 | 26.580 | 24.350 | 21.344 |
| | | 166.955 | 104.005 | 99.329 | 168.163 | 105.430 | 100.500 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ................ | 5 | 16.549 | 14.238 | 15.694 | 16.549 | 14.238 | 15.694 |
| Annar rekstrarkostnaður .................. | | 115.086 | 89.907 | 69.472 | 100.406 | 90.182 | 69.705 |
| | | 131.635 | 104.145 | 85.166 | 116.955 | 104.420 | 85.399 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir ...... | | 35.320 | ( 140 ) | 14.163 | 51.208 | 1.010 | 15.100 |
| Afskriftir ........................................... | 8 | ( 726 ) | ( 2.230 ) | ( 806 ) | ( 1.178 ) | ( 2.680 ) | ( 1.259 ) |
| Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda ............. | | 34.594 | ( 2.370 ) | 13.357 | 50.030 | ( 1.670 ) | 13.841 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .............................. | 6 | 10.663 | 2.628 | 2.649 | 9.008 | 1.743 | 943 |
| **Rekstrarniðurstaða** ......................... | 13 | 45.258 | 258 | 16.006 | 59.038 | 73 | 14.785 |

# Efnahagsreikningur

## Eignir

| | Skýr. | A hluti 2018 | A hluti 2017 | A og B hluti 2018 | A og B hluti 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | | | |
| Fasteignir og lóðir ................................. | | 1.371 | 4.852 | 11.782 | 15.717 |
| Ljósleiðarakerfi ....................................... | | 0 | 0 | 26.910 | 6.867 |
| Vélar, áhöld og tæki ............................... | | 9.273 | 7.249 | 9.273 | 7.249 |
| | 8 | 10.644 | 12.101 | 47.965 | 29.832 |
| Áhættufjármunir og langtímakröfur: | | | | | |
| Eignarhlutir í félögum ............................ | 9 | 27.970 | 27.970 | 27.430 | 27.430 |
| Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissj. ......... | 10 | 116 | 0 | 116 | 0 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki ............. | 11 | 1.163 | 1.225 | 0 | 0 |
| | | 29.250 | 29.196 | 27.547 | 27.430 |
| Fastafjármunir | | 39.894 | 41.297 | 75.512 | 57.262 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Skammtímakröfur: | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur ................................. | 12 | 78.768 | 20.176 | 78.768 | 20.176 |
| Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .......... | | 22.125 | 12.359 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímakröfur ......................... | | 15.091 | 16.120 | 24.920 | 17.235 |
| Næsta árs gjaldf. v. Brúar lífeyrissj. ......... | 10 | 7 | 0 | 7 | 0 |
| Næsta árs afborganir eigin fyrirtæki ........ | 11 | 116 | 111 | 0 | 0 |
| Handbært fé ............................................. | 3i | 27.961 | 40.341 | 29.412 | 41.112 |
| Veltufjármunir | | 144.068 | 89.106 | 133.106 | 78.522 |
| **Eignir samtals** | | 183.961 | 130.403 | 208.618 | 135.784 |

# 31. desember 2018

**Eigið fé og skuldir**

| | Skýr. | A hluti 2018 | A hluti 2017 | A og B hluti 2018 | A og B hluti 2017 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | | | | | |
| Eiginfjárreikningur ..................................... | 13 | 145.159 | 99.901 | 141.306 | 82.269 |
| **Langtímaskuldir** | | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir ............................ | 14 | 0 | 0 | 23.020 | 22.660 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda ........ | 14 | 0 | 0 | 378 | 353 |
| Aðrar skammtímaskuldir ........................... | | 38.802 | 30.502 | 43.914 | 30.502 |
| | | 38.802 | 30.502 | 44.292 | 30.855 |
| Skuldir og skuldbindingar samtals | | 38.802 | 30.502 | 67.312 | 53.516 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 183.961 | 130.403 | 208.618 | 135.784 |

Skuldbindingar utan efnhagsreiknings ......... 16

# Sjóðstreymisyfirlit 2018

| | Skýr. | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Ársreikningur 2018 | Áætlun 2018 | Ársreikningur 2017 | Ársreikningur 2018 | Áætlun 2018 | Ársreikningur 2017 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða | 13 | 45.258 | 258 | 16.006 | 59.038 | 73 | 14.785 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | | | | |
| Afskriftir | 8 | 726 | 2.230 | 806 | 1.178 | 2.680 | 1.259 |
| Verðbætur | | ( 43 ) | 39 | ( 25 ) | 743 | 550 | 395 |
| Hagnaður af sölu rekstrarfjármuna | | ( 9.018 ) | 0 | 0 | ( 9.018 ) | 0 | 0 |
| Veltufé frá rekstri | | 36.921 | 2.527 | 16.788 | 51.940 | 3.303 | 16.438 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | | | | |
| Óinnheimtar tekjur, breyting | | ( 58.592 ) | 0 | ( 3.771 ) | ( 58.592 ) | 0 | ( 3.771 ) |
| Aðrar skammtímakröfur, breyting | | 1.029 | 0 | ( 7.641 ) | ( 7.685 ) | 0 | ( 8.756 ) |
| Skammtímaskuldir, breyting | | 8.300 | 0 | 3.219 | 13.412 | 0 | 3.219 |
| Fyrirframgreiðsla vegna uppgjörs við Brú, breyting | 10 | ( 123 ) | 0 | 0 | ( 123 ) | 0 | 0 |
| | | ( 49.386 ) | 0 | ( 8.193 ) | ( 52.988 ) | 0 | ( 9.307 ) |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | | ( 12.464 ) | 2.527 | 8.595 | ( 1.048 ) | 3.303 | 7.130 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | | | | |
| Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum | 8 | ( 2.750 ) | 0 | 0 | ( 22.793 ) | 0 | ( 6.867 ) |
| Söluverð rekstrarfjármuna | | 12.500 | 0 | 0 | 12.500 | 0 | 0 |
| Eignarhlutur, breyting | 9 | 0 | 0 | ( 540 ) | 0 | 0 | 0 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki, breyting | | 101 | 0 | 101 | 0 | 0 | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 9.851 | 0 | ( 439 ) | ( 10.293 ) | 0 | ( 6.867 ) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | | | |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting | | ( 9.767 ) | 1.129 | ( 9.001 ) | ( 0 ) | 0 | 0 |
| Afborganir langtímalána | | 0 | 0 | 0 | ( 359 ) | 353 | ( 338 ) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 9.767 ) | 1.129 | ( 9.001 ) | ( 359 ) | 353 | ( 338 ) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 12.380 ) | 3.656 | ( 844 ) | ( 11.700 ) | 3.656 | ( 74 ) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | | 40.341 | 41.185 | 41.185 | 41.112 | 41.185 | 41.185 |
| **Handbært fé í árslok** | | 27.961 | 44.841 | 40.341 | 29.412 | 44.841 | 41.112 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um sveitarfélagið

Skorradalshreppur er sveitarfélag á Vesturlandi og var fjöldi íbúa þess 58 þann 1. desember 2018. Lögheimili sveitarfélagsins er að Horni í Skorradal.

Mælt er fyrir um grundvallarþætti stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Skorradalshrepps árið 2018 hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess, þ.e. A og B hluta, sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum. Hér er um að ræða Aðalsjóð, en auk hans Eignasjóð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins, en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins er Leiguíbúðir og Ljóspunktur ehf..

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stöður í efnahagsreikningi milli rekstrareininga í A hluta og viðskipti milli þeirra eru felld út í ársreikningi A hluta. Í ársreikningi fyrir A og B hluta eru felldar út stöður í efnahagsreikningi og viðskipti milli allra rekstrareininga sveitarfélagsins. Af viðskiptum milli rekstrareininga sveitarfélagsins má nefna álagða fasteignaskatta, húsaleigu Eignasjóðs og önnur innbyrðis viðskipti vegna kaupa á vöru og þjónustu.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem settar eru fram hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum nema annað sé tekið fram.

### a. Innlausn tekna

Skatttekjur eru færðar til tekna við álagningu þeirra en til lækkunar er færð reiknuð niðurfærsla vegna óinnheimtra skatttekna. Til skatttekna heyra útsvar, fasteignaskattur og framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, auk annarra tekna sem hafa ígildi skatta, svo sem lóðarleiga.

Tekjur af sölu þjónustu og vöru eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna. Arðstekjur eru færðar til tekna þegar réttur til þeirra hefur myndast.

Hagnaður eða tap af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er reiknað sem mismunur söluverðs og bókfærðs verðs og er hann færður í rekstrarreikning meðal rekstrartekna eða -gjalda, eftir því sem við á.

### b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

### c. Verðlags- og gengisviðmið

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag eða gengi í árslok. Verðlagsbreytingar og gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir, frh.

### d. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir aðrir en lóðir og lendur sem sveitarfélagið hefur leigutekjur af eru færðir til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Kostnaðarverð samanstendur af beinum kostnaði sem fellur til við öflun rekstrarfjármuna. Frá kostnaðarverði dragast frá álögð gatnagerðargjöld og önnur framlög vegna stofnkostnaðar.

### e. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir ........................................ | 40 ár |
| Ljósleiðarakerfi........................................ | - |
| Vélar, áhöld og tæki ........................................ | 10 ár |

### f. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum og stofnframlög í byggðasamlögum og eigin fyrirtækjum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar. Framlög sveitarfélagsins til byggðasamlaga og ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

### g. Langtímakröfur

Langtímakröfur eru færðar til eignar í samræmi við lánskjör. Næsta árs afborganir langtímakrafna eru færðar í efnahagsreikning meðal veltufjármuna.
Reiknaðir eru 3,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

### h. Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign sveitarfélagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

### i. Handbært fé

Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

### j. Langtímaskuldir

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

### k. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

Upplýsingar um ábyrgðir og skuldbindingar sveitarfélagsins utan efnahagsreiknings eru birtar í skýringu 16.

### l. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi, sjóðstreymisyfirliti og skýringum. Um er að ræða upphaflega fjárhagsáætlun en engir viðaukar voru samþykktir af hreppsnefnd vegna fjárhagsáætlunar 2018.

## 4. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | A hluti | | | A og B hluti | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Ársreikningur 2018 | Áætlun 2018 | Ársreikningur 2017 | Ársreikningur 2018 | Áætlun 2018 | Ársreikningur 2017 |
| **Útsvar og fasteignaskattar:** | | | | | | |
| Útsvar ..................................... | 27.475 | 20.000 | 25.890 | 27.475 | 20.000 | 25.890 |
| Fasteignaskattur ..................... | 61.779 | 61.080 | 53.048 | 61.551 | 61.080 | 52.818 |
| Lóðarleiga .............................. | 378 | 0 | 358 | 378 | 0 | 358 |
| | 89.633 | 81.080 | 79.296 | 89.405 | 81.080 | 79.066 |
| **Framlög Jöfnunarsjóðs:** | | | | | | |
| Önnur framlög......................... | 52.178 | 0 | 89 | 52.178 | 0 | 89 |
| | 52.178 | 0 | 89 | 52.178 | 0 | 89 |
| Skatttekjur samtals.................. | 141.811 | 81.080 | 79.385 | 141.583 | 81.080 | 79.155 |
| **Aðrar tekjur:** | | | | | | |
| Aðrar tekjur............................. | 25.144 | 22.925 | 19.944 | 26.580 | 24.350 | 21.344 |
| Rekstrartekjur samtals ............ | 166.955 | 104.005 | 99.329 | 168.163 | 105.430 | 100.500 |

Meðal framlaga frá Jöfnunarsjóði eru færðar tekjur að fjárhæð 52,2 millj. kr. vegna samkomulags um uppgjör á dómskröfum í dómsmáli sveitarfélagsins á hendur íslenska ríkinu en samkomulagið var gert í kjölfar dóms Hæstaréttar í máli nr. 34/2018. Til viðbótar fékk sveitarfélagið greidda vexti að fjárhæð 14,6 millj. kr. Af greiddum vöxtum eru 11,1 millj. kr. sem færast meðal fjármagnsliða ársins 2018.

## 5. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Laun ...................................... | 14.343 | 11.508 | 12.499 | 14.343 | 11.508 | 12.499 |
| Launatengd gjöld .................... | 1.763 | 2.730 | 1.616 | 1.763 | 2.730 | 1.616 |
| Viðbótarframlög í lífeyrissj....... | 0 | 0 | 432 | 0 | 0 | 432 |
| Framlög vegna uppgjörs A deildar Brúar lífeyrissj........ | 443 | 0 | 1.147 | 443 | 0 | 1.147 |
| | 16.549 | 14.238 | 15.694 | 16.549 | 14.238 | 15.694 |

| | 2018 | 2017 |
|---|---|---|
| Fjöldi starfsmanna í árslok.................................................................................... | 0 | 0 |
| Fjöldi stöðugilda í árslok........................................................................................ | 0 | 0 |
| Ársverk.................................................................................................................... | 0 | 0 |
| Laun og launatengd gjöld oddvita og hreppsnefndar...................................................... | 13.289 | 11.054 |

## 6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) greinast þannig:

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Vaxtatekjur og verðbætur ....... | 10.524 | 2.038 | 1.286 | 10.524 | 2.038 | 1.286 |
| Arður af eignum ..................... | 85 | 400 | 918 | 85 | 400 | 918 |
| Vaxtagjöld og verðbætur......... | ( 34 ) | ( 10 ) | ( 59 ) | ( 1.601 ) | ( 695 ) | ( 1.261 ) |
| Vextir frá eigin fyrirtækjum ..... | 88 | 200 | 505 | 0 | 0 | 0 |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) samtals...... | 10.663 | 2.628 | 2.649 | 9.008 | 1.743 | 943 |

## 7. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka, stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins greinist þannig. Í yfirlitinu eru birtar upplýsingar um rekstrartekjur að frádregnum rekstrargjöldum viðkomandi rekstrareininga.

| | Ársreikningur 2018 | Áætlun 2018 | Ársreikningur 2017 |
|---|---|---|---|
| **Aðalsjóður:** | | | |
| Skatttekjur | 141.632 | 81.080 | 79.231 |
| Félagsþjónusta | ( 1.918 ) | ( 1.745 ) | ( 1.652 ) |
| Heilbrigðismál | ( 46 ) | ( 35 ) | ( 46 ) |
| Fræðslu- og uppeldismál | ( 21.248 ) | ( 31.165 ) | ( 21.224 ) |
| Menningarmál | ( 1.151 ) | ( 1.050 ) | ( 831 ) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | ( 581 ) | ( 1.240 ) | ( 607 ) |
| Brunamál og almannavarnir | ( 7.431 ) | ( 4.717 ) | ( 6.514 ) |
| Hreinlætismál | ( 10.330 ) | 1.862 | 1.281 |
| Skipulags- og byggingarmál | ( 19.911 ) | ( 13.155 ) | ( 11.766 ) |
| Umferðar- og samgöngumál | ( 852 ) | ( 910 ) | ( 467 ) |
| Umhverfismál | ( 1.113 ) | ( 985 ) | ( 1.059 ) |
| Atvinnumál | ( 2.095 ) | ( 75 ) | ( 143 ) |
| Framlög til B-hluta | ( 15.124 ) | ( 2.035 ) | 1.373 |
| Sameiginlegur kostnaður | ( 33.818 ) | ( 27.294 ) | ( 23.188 ) |
| Framlag vegna A deildar Brúar lífeyrissjóðs | ( 443 ) | 0 | ( 1.147 ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 10.999 | 3.828 | 3.629 |
| Aðalsjóður samtals | 36.571 | 2.365 | 16.870 |
| **A hluta stofnanir:** | | | |
| Eignasjóður | 8.687 | ( 2.107 ) | ( 864 ) |
| A hluti samtals | 45.258 | 258 | 16.006 |
| **B hluta fyrirtæki:** | | | |
| Leiguíbúðir | ( 983 ) | ( 185 ) | ( 806 ) |
| Ljóspunktur ehf. | ( 237 ) | 0 | ( 415 ) |
| Innri færslur | 15.000 | 0 | 0 |
| A og B hluti | 59.038 | 73 | 14.785 |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

### a. Bókfært verð

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| A hluti: | Fasteignir | Jarðir | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2018 | 7.365 | 3.482 | 18.717 | 29.563 |
| Keypt á árinu | 0 | 0 | 2.750 | 2.750 |
| Selt á árinu | 0 | ( 3.482 ) | 0 | ( 3.482 ) |
| Heildarverð 31.12.2018 | 7.365 | 0 | 21.467 | 28.832 |
| Afskrifað 1.1.2018 | ( 5.994 ) | 0 | ( 11.468 ) | ( 17.462 ) |
| Afskrifað á árinu | 0 | 0 | ( 726 ) | ( 726 ) |
| Afskrifað samtals 31.12.2018 | ( 5.994 ) | 0 | ( 12.193 ) | ( 18.187 ) |
| Bókfært verð 1.1.2018 | 1.371 | 3.482 | 7.249 | 12.101 |
| Bókfært verð 31.12.2018 | 1.371 | 0 | 9.273 | 10.644 |
| Afskriftarhlutföll | 0-2,5% | 0% | 10% | |

| A og B hluti: | Fasteignir | Jarðir | Ljósleiðari | Vélar, áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2018 | 25.472 | 3.482 | 6.867 | 18.717 | 54.537 |
| Keypt á árinu | 0 | 0 | 5.043 | 2.750 | 7.793 |
| Selt á árinu | 0 | ( 3.482 ) | 0 | 0 | ( 3.482 ) |
| Bakfærð framlög innan samstæðu | 0 | 0 | 15.000 | 0 | 15.000 |
| Heildarverð 31.12.2018 | 25.472 | 0 | 26.910 | 21.467 | 73.849 |
| Afskrifað 1.1.2018 | ( 13.237 ) | 0 | 0 | ( 11.468 ) | ( 24.704 ) |
| Afskrifað á árinu | ( 453 ) | 0 | 0 | ( 726 ) | ( 1.178 ) |
| Afskrifað samtals 31.12.2018 | ( 13.689 ) | 0 | 0 | ( 12.193 ) | ( 25.883 ) |
| Bókfært verð 1.1.2018 | 12.235 | 3.482 | 6.867 | 7.249 | 29.832 |
| Bókfært verð 31.12.2018 | 11.782 | 0 | 26.910 | 9.273 | 47.965 |
| Afskriftarhlutföll | 0-2,5% | 0% | 0% | 10% | |

### b. Fjárfesting

Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum á árinu sundurliðast þannig:

| A hluti: | Fjárfesting 2018 | Áætlun 2018 | Mismunur við áætlun |
|---|---|---|---|
| **Vélar áhöld og tæki** | | | |
| GPS tæki | 2.750 | 0 | 2.750 |
| | 2.750 | 0 | 2.750 |
| A hluti samtals | 2.750 | 0 | 2.750 |
| **B hluti:** | | | |
| **Ljóspunktur ehf.** | | | |
| Framkvæmdakostnaður | 21.203 | 0 | 21.203 |
| Framlag Fjarskiptasjóðs | ( 1.160 ) | 0 | ( 1.160 ) |
| Framlag Aðalsjóðs til framkvæmda | ( 15.000 ) | 0 | ( 15.000 ) |
| Ljóspunktur ehf. samtals | 5.043 | 0 | 5.043 |
| Samstæðufærsla, framlög innan samstæðu | 15.000 | 0 | 15.000 |
| Samtals A og B hluti | 22.793 | 0 | 22.793 |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

### c. Fasteignamat og vátryggingaverð

Brunabótamat og fasteignamat varanlegra rekstrarfjármuna skiptist þannig í árslok 2018:

| | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Brunabótamat fasteigna | 11.002 | 53.702 |
| Fasteignamat | 3.324 | 38.374 |

## 9. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

| | Eignarhlutur | | Bókfært verð | |
|---|---|---|---|---|
| | A hluti | A og B hluti | A hluti | A og B hluti |
| Faxaflóahafnir sf. | 0,2216% | 0,2216% | 23.599 | 23.599 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf. | 0,017% | 0,017% | 1.505 | 1.505 |
| Menntaskóli Borgarfjarðar ehf. | 0,63% | 0,63% | 1.000 | 1.000 |
| Vélabær ehf. | 9,67% | 9,67% | 500 | 500 |
| Sorpurðun Vesturlands hf. | 0,35% | 0,35% | 77 | 77 |
| Þróunarfélag Grundartanga ehf. | 16,7% | 16,7% | 750 | 750 |
| Ljóspunktur ehf. | 100,0% | | 540 | 0 |
| Stofnframlög og eignarhlutir í félögum samtals | | | 27.970 | 27.430 |

## 10. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs

### Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar

Þann 19. september 2016 var samkomulag gert milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra og Sambandi íslenskra sveitarfélaga hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Breytingarnar voru samþykktar á Alþingi með lögum nr. 127/2016 en þær fela meðal annars í sér breytingu á réttindaávinnslu lífeyrisréttinda í A-deild LSR og Brúar (Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga) úr jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda auk þess sem lífeyristökualdur er hækkaður úr 65 árum í 67 ár. Við breytingar eru réttindi virkra sjóðsfélaga tryggð með sérstökum framlögum til sjóðanna af hálfu launagreiðenda.

Samhliða því gerðu fjármála- og efnahagsráðherra og Samband íslenskra sveitarfélaga með sér samning um fjármögnun lífeyrisskuldbindinga A-deilda LSR og Brúar með fjárframlögum til sjóðanna, dags. 19. september 2016. Samkvæmt 8. gr. samningsins var hann gerður meðal annars með þeim fyrirvara að hann skyldi öðlast gildi gagnvart einstökum sveitarfélögum og aðilum þeim tengdum við samþykkt stjórna viðkomandi aðila á uppgjöri þeirra á skuldbindingum sem myndast í A-deild Brúar.
Á árinu 2017 voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við reglugerð nr. 1212/2015 þar sem mælt er fyrir um reikningshaldslega meðferð ofangreinds uppgjörs.

Framangreint samkomulag hefur áhrif á Aðalsjóð í A hluta. Í janúar 2018 samþykkti hreppsnefnd Skorradalshrepps samkomulag um uppgjör við Brú á grundvelli ofangreinds og var samkomulagið undirritað í febrúar 2018. Uppgjörið miðaði við tryggingafræðilega stöðu sjóðsins þann 31. maí 2017.

Samkvæmt samkomulagi við lífeyrissjóðinn nam heildarframlagið upphaflega 2,5 millj. kr. Um er að ræða framlag í jafnvægissjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð.

**10. Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs, frh.**

**Samkomulag við Brú lífeyrissjóð vegna A-deildar**

Skipting þess var eftirfarandi:

- 1,1 millj. kr. framlag í jafnvægissjóð sem ætlað er að koma áfallinni stöðu Brúar í jafnvægi - Gjaldfært að fullu á árinu 2017.

- 1,2 millj. kr. framlag í lífeyrisaukasjóðs til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka - gjaldfært á 30 árum frá 1. júní 2017.

- 0,1 millj. kr. framlag í varúðarsjóðs sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð - gjaldfært á 20 árum frá 1. júní 2017.

Á árinu 2019 barst sveitarfélaginu leiðréttur útreikningur frá lífeyrissjóðnum sem hafði í för með sér lækkun á framlagi til lífeyrissjóðsins. Tekið hefur verið tillit til leiréttra fjárhæða við uppgjör ársins 2018.

Greiðsla heildarframlags á sér stað í upphafi árs 2018 og fjármagnaði sveitarfélagið uppgjörið með lækkun á handbæru fé.

Fyrirframgreidd framlög vegna uppgjörs við Brú lílfeyrissjóð eru færð til eignar í efnahagsreikningi sem fyrirframgreiddur kostnaður. Sá hluti sem verður gjaldfærður á árinu 2019 er færður meðal veltufjármuna, en það sem kemur til gjaldfærslu síðar er fært meðal fastafjármuna. Gjaldfærslur vegna uppgjörsins eru færðar meðal launa og launatengdra gjalda í rekstrarreikningi.

Gjaldfærslur vegna uppgjörsins og staða fyrirframgreiðslunnar greinast þannig á árunum 2017 og 2018:

| | Jafnvægis-sjóður | Lífeyrisauka-sjóður | Varúðar-sjóður | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| **A hluti** | | | | |
| Gjaldfært á árinu 2017 | ( 1.119 ) | ( 24 ) | ( 4 ) | ( 1.147 ) |
| Skuld við Brú lífeyrissjóð 31.12.2017 | ( 1.119 ) | ( 24 ) | ( 4 ) | ( 1.147 ) |
| Uppgjör við Brú lífeyrissjóð | 1.119 | 1.242 | 134 | 2.495 |
| Gjaldfært á árinu 2018 | 0 | ( 436 ) | ( 7 ) | ( 443 ) |
| Leiðrétting vegna endurútreiknings | 0 | ( 782 ) | 0 | ( 782 ) |
| Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2018 | 0 | ( 0 ) | 123 | 123 |
| Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi: | | | | |
| Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna | 0 | 436 | 7 | 443 |
| Langtímahluti fyrirframgreiðslu | 0 | ( 436 ) | 116 | ( 320 ) |
| Samtals í efnahagsreikningi | 0 | ( 0 ) | 123 | 123 |
| **A og B hluti** | | | | |
| Gjaldfært á árinu 2017 | ( 1.119 ) | ( 24 ) | ( 4 ) | ( 1.147 ) |
| Skuld við Brú lífeyrissjóð 31.12.2017 | ( 1.119 ) | ( 24 ) | ( 4 ) | ( 1.147 ) |
| Uppgjör við Brú lífeyrissjóð | 1.119 | 1.242 | 134 | 2.495 |
| Gjaldfært á árinu 2018 | 0 | ( 436 ) | ( 7 ) | ( 443 ) |
| Leiðrétting vegna endurútreiknings | 0 | ( 782 ) | 0 | ( 782 ) |
| Staða fyrirframgreiðslu 31.12.2018 | 0 | 0 | 123 | 123 |
| Fyrirframgreiðsla greinist þannig í efnahagsreikningi: | | | | |
| Næsta árs gjaldfærsla, færð meðal veltufjármuna | 0 | 436 | 7 | 443 |
| Langtímahluti fyrirframgreiðslu | 0 | ( 436 ) | 116 | ( 320 ) |
| Samtals í efnahagsreikningi | 0 | 0 | 123 | 123 |

Heimilt er að draga frá við útreikning á skuldaviðmiði bókfært verð fyrirframgreiðslu vegna framlaga í lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð til Brúar lífeyrissjóðs.

## 11. Langtímakröfur á eigin fyrirtæki

| Breyting langtímakrafna á árinu greinist þannig: | Langtíma-kröfur á eigin fyrirtæki |
|---|---|
| Staða langtímakrafna í ársbyrjun | 1.337 |
| Verðbætur | 43 |
| Afborgun langtímakrafna á árinu | ( 101 ) |
| Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 1.279 |
| Næsta árs afborganir og gjaldfallnar afborganir | ( 116 ) |
| | 1.163 |

Afborganir langtímakrafna greinast þannig á næstu ár:

| | |
|---|---|
| Árið 2019 | 116 |
| Árið 2020 | 116 |
| Árið 2021 | 116 |
| Árið 2022 | 116 |
| Árið 2023 | 116 |
| Afborgun síðar | 698 |
| Langtímakröfur samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 1.279 |

Reiknaðir eru 3,5% ársvextir á langtímakröfur á eigin fyrirtæki, en lánin eru bundin vísitölu neysluverðs.

## 12. Skammtímakröfur

| Óinnheimtar tekjur greinast þannig: | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Óinnheimtar skatttekjur | 75.318 | 75.318 |
| Óinnheimtar aðrar tekjur | 3.450 | 3.450 |
| Óinnheimtar tekjur í árslok | 78.768 | 78.768 |

Niðurfærsla óinnheimtra tekna og annarra skammtímakrafna greinist þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Niðurfærsla í ársbyrjun | 4.162 | 4.162 |
| Niðurfærsla, breyting á árinu | 234 | 234 |
| Niðurfærsla í árslok | 4.396 | 4.396 |

## 13. Eigið fé

| Yfirlit um eiginfjárreikning: | A hluti | A og B hluti |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2018 | 99.901 | 82.269 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 45.258 | 59.038 |
| Eigið fé 31.12.2018 | 145.159 | 141.306 |

## 14. Skuldir við lánastofnanir

Breyting langtímalána á árinu greinist þannig:

| | Verðtryggð lán | Samtals |
|---|---|---|
| **A og B hluti:** | | |
| Langtímaskuldir í ársbyrjun | 23.014 | 23.014 |
| Afborganir af lánum | ( 359 ) | ( 359 ) |
| Verðbætur og gengismunur | 743 | 743 |
| | 23.398 | 23.398 |
| Næsta árs afborgun | ( 378 ) | ( 378 ) |
| Langtímaskuldir í árslok | 23.020 | 23.020 |

| Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig á næstu ár: | A og B hluti |
|---|---|
| Árið 2019 | 378 |
| Árið 2020 | 391 |
| Árið 2021 | 405 |
| Árið 2022 | 420 |
| Árið 2023 | 434 |
| Síðar | 21.370 |
| Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 23.398 |

### Veðsetningar

Íbúðir í eigu leiguíbúða að bókfærðu virði 10,4 millj. kr. eru verðtryggðar fyrir skuldum að eftirstöðum 23,4 millj. kr. í árslok 2018.

## 15. Heildaryfirlit um samantekna fjárhagsstöðu A og B hluta í árslok

Eignir, skuldir og eigið fé sveitarfélagsins greinist þannig:

| | Eignarhluti | Eignir | Skuldir | Eigið fé |
|---|---|---|---|---|
| A-hluti | 100% | 183.961 | 38.802 | 145.159 |
| Leiguíbúðir | 100% | 10.411 | 28.612 | ( 18.201 ) |
| Ljóspunktur ehf. | 100% | 23.190 | 23.302 | ( 112 ) |
| Millifærslur, innbyrðis staða | | ( 8.945 ) | ( 23.405 ) | 14.460 |
| Heildarstaða sveitarfélagsins í árslok | | 208.618 | 67.312 | 141.306 |

## 16. Ábyrgðir og skuldbindingar utan efnahagsreiknings

### Samstarfsverkefni

Sveitarfélagið er ásamt öðrum sveitarfélögum aðili að eftirtöldum byggðasamlögum og öðrum samstarfsverkefnum:

- Faxaflóahafnir ehf.
- Byggðasamlag um málefni fatlaðs fólks á Vesturlandi
- Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi
- Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- Fjölbrautarskóli Vesturlands á Akranesi
- Hjúkrunar- og dvalarheimilið Brákarhlíð

Skuldbindingar vegna þessara verkefna eru ekki færðar í ársreikninginn.

### Þjónustu- og verksamningar

Í árslok eru í gildi verk- og þjónustusamningar sem hafa í för með sér skuldbindingu fyrir sveitarfélagið á næstu árum. Samningarnir eru m.a. vegna fræðslumála, félagsmála, safnamála og brunavarna. Útgjöld vegna samninganna eru gjaldfærð á því tímabili sem til þeirra er stofnað og þjónustan veitt.

## 17. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í sveitarstjórn auk æðstu stjórnenda sveitarfélagsins eru skilgreindir sem tengdir aðilar sveitarfélagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila ná eingöngu til hefðbundinnar þjónustu sem sveitarfélagið veitir og opinberra gjalda sem lögð eru á tengda aðila á árinu. Viðskipti sveitarfélagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ákvörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 19. gr. sveitarstjórnarlaga.

## 18. Lykiltölur:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

| | Áætlun | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
| **Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:** | | | | | | |
| Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður........ | 12.952 | 57.952 | 18.581 | 10.740 | 18.791 | 14.157 |
| Skuldaviðmið, skv. reglugerð* **......... | * | * | * | * | * | * |
| **Ýmsar lykiltölur** | | | | | | |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir........... | ( 0,1% ) | 21,2 % | 14,3 % | ( 4,9% ) | 6,7 % | 9,1 % |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ............. | 0,2 % | 27,1 % | 16,1 % | ( 3,8% ) | 7,3 % | 10,0 % |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) ............. | 2,4 % | 22,1 % | 16,9 % | ( 2,8% ) | 8,5 % | 10,9 % |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj........ | 0,0 % | 1,6 % | 0,0 % | 0,0 % | 0,0 % | 3,7 % |
| Skuldahlutfall....................................... | 16 % | 23 % | 31 % | 31 % | 26 % | 25 % |
| **Önnur hlutföll** | | | | | | |
| Veltufjárhlutfall .................................... | 2,67 | 3,71 | 2,92 | 2,55 | 3,19 | 2,88 |
| Eiginfjárhlutfall .................................... | 79,2 % | 78,9 % | 76,6 % | 75,5 % | 80,8 % | 79,9 % |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Útsvar ................................................ | 19,2 % | 16,5 % | 26,1 % | 22,4 % | 22,7 % | 22,0 % |
| Fasteignaskattur ................................. | 58,7 % | 37,0 % | 53,4 % | 56,5 % | 58,8 % | 55,2 % |
| Framlög Jöfnunarsjóðs........................ | 0,0 % | 31,3 % | 0,1 % | 0,0 % | 0,3 % | 0,4 % |
| Lóðarleiga........................................... | 0,0 % | 0,2 % | 0,4 % | 0,4 % | 0,3 % | 0,3 % |
| Skatttekjur samtals.............................. | 78,0 % | 84,9 % | 79,9 % | 79,3 % | 82,1 % | 77,9 % |
| Aðrar tekjur ......................................... | 22,0 % | 15,1 % | 20,1 % | 20,7 % | 17,9 % | 22,1 % |
| Rekstrartekjur samtals ........................ | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % |
| Laun og launatengd gjöld .................... | ( 13,7% ) | ( 9,6% ) | ( 15,8% ) | ( 15,9% ) | ( 17,8% ) | ( 10,4% ) |
| Annar rekstrarkostnaður ..................... | ( 86,4% ) | ( 68,9% ) | ( 69,9% ) | ( 89,0% ) | ( 75,6% ) | ( 80,6% ) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir........... | ( 0,1% ) | 21,2 % | 14,3 % | ( 4,9% ) | 6,7 % | 9,1 % |
| Afskriftir ............................................. | ( 2,1% ) | ( 0,4% ) | ( 0,8% ) | ( 1,0% ) | ( 1,2% ) | ( 0,9% ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ........ | 2,5 % | 6,4 % | 2,7 % | 2,1 % | 1,9 % | 1,9 % |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) ............. | 0,2 % | 27,1 % | 16,1 % | ( 3,8% ) | 7,3 % | 10,0 % |

* Skuldaviðmið skv. reglugerð nr. 502/2012, skuldaviðmið er ekki reiknað þegar hreint veltufé er umfram skuldir.
** Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi reglur fyrir hvert ár (síðasta breyting tók gildi á árinu 2018).

## 18. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

| | Áætlun | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
| **Í þúsundum krónum á íbúa:** | | | | | | |
| **Rekstur:** | | | | | | |
| Skatttekjur | 1.398 | 2.445 | 1.418 | 1.308 | 1.245 | 1.039 |
| Aðrar tekjur | 395 | 434 | 356 | 342 | 271 | 295 |
| Laun og launatengd gjöld | ( 245 ) | ( 278 ) | ( 280 ) | ( 262 ) | ( 270 ) | ( 138 ) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 1.550 ) | ( 1.984 ) | ( 1.241 ) | ( 1.467 ) | ( 1.146 ) | ( 1.075 ) |
| Afskriftir | ( 38 ) | ( 13 ) | ( 14 ) | ( 17 ) | ( 19 ) | ( 13 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 45 | 184 | 47 | 35 | 29 | 25 |
| Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) | 4 | 788 | 286 | ( 62 ) | 111 | 134 |
| | | | | | | |
| **Efnahagur:** | | | | | | |
| Eignir | 1.414 | 3.172 | 2.329 | 2.098 | 2.036 | 1.668 |
| Eigið fé | 1.119 | 2.503 | 1.784 | 1.583 | 1.645 | 1.333 |
| Skuldir og skuldbindingar | 295 | 669 | 545 | 515 | 390 | 335 |
| | | | | | | |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 44 | 637 | 300 | ( 46 ) | 129 | 146 |
| Handbært fé frá rekstri | 44 | ( 215 ) | 153 | 312 | ( 117 ) | 221 |
| | | | | | | |
| **Íbúafjöldi:** | | | | | | |
| Íbúafjöldi 1. desember | 58 | 58 | 56 | 53 | 53 | 61 |

## 18. Lykiltölur:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

| | Áætlun | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
| **Fjárhagsleg viðmið sveitarstjórnarlaga:** | | | | | | |
| Jafnsvægisregla - rekstrarjöfnuður......... | 26.359 | 85.324 | 30.793 | 23.083 | 13.940 | 7.849 |
| Skuldaviðmið, skv. reglugerð * **......... | 19% | * | 6% | 11% | 34% | 41% |
| **Ýmsar lykiltölur** | | | | | | |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir............ | 1,0 % | 30,5 % | 15,0 % | 12,3 % | 9,3 % | 11,2 % |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .............. | 0,1 % | 35,1 % | 14,7 % | 10,9 % | 5,4 % | 8,4 % |
| Veltufé frá rekstri (til rekstrar) ............... | 3,1 % | 30,9 % | 16,4 % | ( 2,9% ) | 8,8 % | 10,9 % |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfj......... | 0,0 % | 13,6 % | 6,8 % | 0,0 % | 0,0 % | 3,6 % |
| Skuldahlutfall........................................ | 62 % | 40 % | 53 % | 48 % | 83 % | 82 % |
| **Önnur hlutföll** | | | | | | |
| Langtímaskuldir í hlutfalli við veltufé frá rekstri mælt í árum .......... | 14,23 | 0,44 | 1,38 | ( 7,45 ) | 6,48 | 5,15 |
| Veltufé frá rekstri í hlutfalli við afborganir skulda og skuldbindinga...... | | 107,81 | 48,64 | ( 0,12 ) | 11,14 | 14,15 |
| Veltufjárhlutfall ..................................... | 2,45 | 3,01 | 2,54 | 2,39 | 2,86 | 2,58 |
| Eiginfjárhlutfall ..................................... | 47,6 % | 67,7 % | 60,6 % | 57,3 % | 44,7 % | 42,9 % |
| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | | | | | | |
| Útsvar .................................................. | 19,0 % | 16,3 % | 25,8 % | 18,6 % | 22,0 % | 21,3 % |
| Fasteignaskattur .................................. | 57,9 % | 36,6 % | 52,6 % | 46,8 % | 56,5 % | 53,1 % |
| Framlög Jöfnunarsjóðs......................... | 0,0 % | 31,0 % | 0,1 % | 0,0 % | 0,3 % | 0,4 % |
| Lóðarleiga............................................. | 0,0 % | 0,2 % | 0,4 % | 0,3 % | 0,3 % | 0,3 % |
| Skatttekjur samtals............................... | 76,9 % | 84,2 % | 78,8 % | 65,7 % | 79,1 % | 75,1 % |
| Aðrar tekjur .......................................... | 23,1 % | 15,8 % | 21,2 % | 34,3 % | 20,9 % | 24,9 % |
| Rekstrartekjur samtals .......................... | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % | 100,0 % |
| | | | | | | |
| Laun og launatengd gjöld ..................... | ( 13,5% ) | ( 9,6% ) | ( 15,6% ) | ( 13,2% ) | ( 17,2% ) | ( 10,0% ) |
| Framlag vegna A deildar Brúar.............. | 0,0 % | ( 0,3% ) | 0,0 % | 0,0 % | 0,0 % | 0,0 % |
| Annar rekstrarkostnaður ....................... | ( 85,5% ) | ( 59,7% ) | ( 69,4% ) | ( 74,5% ) | ( 73,4% ) | ( 78,7% ) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir............ | 1,0 % | 30,5 % | 15,0 % | 12,3 % | 9,3 % | 11,2 % |
| Afskriftir ............................................... | ( 2,5% ) | ( 0,7% ) | ( 1,3% ) | ( 1,3% ) | ( 2,2% ) | ( 1,9% ) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ......... | 1,7 % | 5,4 % | 0,9 % | ( 0,1% ) | ( 1,6% ) | ( 0,9% ) |
| Rekstrarniðurstaða (neikvæð) .............. | 0,1 % | 35,1 % | 14,7 % | 10,9 % | 5,4 % | 8,4 % |

* Skuldaviðmið skv. reglugerð nr. 502/2012, skuldaviðmið er ekki reiknað þegar hreint veltufé er umfram skuldir.
** Útreikningur skuldaviðmiðs miðar við gildandi relgur fyrir hvert ár (síðasta breyting tók gildi á árinu 2018).

## 18. Lykiltölur, frh.:

Yfirlit um lykiltölur A og B hluta síðustu fimm ár á verðlagi hvers árs.

| | Áætlun | Ársreikningar | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2018 | 2018 | 2017 | 2016 | 2015 | 2014 |
| **Í þúsundum krónum á íbúa:** | | | | | | |
| **Rekstur:** | | | | | | |
| Skatttekjur | 1.398 | 2.441 | 1.413 | 1.304 | 1.237 | 1.032 |
| Aðrar tekjur | 420 | 458 | 381 | 681 | 327 | 343 |
| Laun og launatengd gjöld | ( 245 ) | ( 278 ) | ( 280 ) | ( 262 ) | ( 270 ) | ( 138 ) |
| Annar rekstrarkostnaður | ( 1.555 ) | ( 1.731 ) | ( 1.245 ) | ( 1.478 ) | ( 1.149 ) | ( 1.082 ) |
| Afskriftir | ( 46 ) | ( 20 ) | ( 22 ) | ( 25 ) | ( 35 ) | ( 27 ) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | 30 | 155 | 17 | ( 2 ) | ( 26 ) | ( 12 ) |
| Rekstrarniðurstaða, (neikvæð) | 1 | 1.026 | 264 | 217 | 85 | 116 |
| **Efnahagur:** | | | | | | |
| Eignir | 2.138 | 3.597 | 2.425 | 2.221 | 2.361 | 1.968 |
| Eigið fé | 1.018 | 2.436 | 1.469 | 1.273 | 1.056 | 844 |
| Skuldir og skuldbindingar | 1.120 | 1.161 | 956 | 948 | 1.304 | 1.124 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 57 | 896 | 294 | ( 57 ) | 138 | 150 |
| Handbært fé frá rekstri | 57 | ( 18 ) | 127 | 294 | ( 108 ) | 225 |
| **Íbúafjöldi:** | | | | | | |
| Íbúafjöldi 1. desember | 58 | 58 | 56 | 53 | 53 | 61 |

## 18. Lykiltölur, frh.:

Í yfirliti þessu er borin saman ráðstöfun skatttekna til einstakra málaflokka í A hluta síðustu þrjú árin. Þjónustutekjur og aðrar tekjur sem tilheyra einstökum málaflokkum hafa verið dregnar frá gjöldum viðkomandi málaflokks. Fjárhæðir eru í þús. kr. og á verðlagi hvers árs.

| | 2018 | % | 2017 | % | 2016 | % |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Aðalsjóður: | | | | | | |
| Skatttekjur ..................................... | 141.632 | 100,0% | 79.231 | 100,0% | 69.164 | 100,0% |
| Félagsþjónusta .............................. | ( 1.918 ) | ( 1,4% ) | ( 1.652 ) | ( 2,1% ) | ( 1.867 ) | ( 2,7% ) |
| Heilbrigðismál ................................ | ( 46 ) | ( 0,0% ) | ( 46 ) | ( 0,1% ) | ( 34 ) | ( 0,0% ) |
| Fræðslu- og uppeldismál ............... | ( 21.248 ) | ( 15,0% ) | ( 21.224 ) | ( 26,8% ) | ( 21.782 ) | ( 31,5% ) |
| Menningarmál ............................... | ( 1.151 ) | ( 0,8% ) | ( 831 ) | ( 1,0% ) | ( 898 ) | ( 1,3% ) |
| Æskulýðs- og íþróttamál ................ | ( 581 ) | ( 0,4% ) | ( 607 ) | ( 0,8% ) | ( 554 ) | ( 0,8% ) |
| Brunamál og almannavarnir ............ | ( 7.431 ) | ( 5,2% ) | ( 6.514 ) | ( 8,2% ) | ( 6.891 ) | ( 10,0% ) |
| Hreinlætismál ................................ | ( 10.330 ) | ( 7,3% ) | 1.281 | 1,6% | ( 1.451 ) | ( 2,1% ) |
| Skipulags- og byggingarmál ............ | ( 19.911 ) | ( 14,1% ) | ( 11.766 ) | ( 14,9% ) | ( 10.862 ) | ( 15,7% ) |
| Umferðar- og samgöngumál .......... | ( 852 ) | ( 0,6% ) | ( 467 ) | ( 0,6% ) | ( 428 ) | ( 0,6% ) |
| Umhverfismál ................................ | ( 1.113 ) | ( 0,8% ) | ( 1.059 ) | ( 1,3% ) | ( 738 ) | ( 1,1% ) |
| Atvinnumál .................................... | ( 2.095 ) | ( 1,5% ) | ( 143 ) | ( 0,2% ) | 0 | 0,0% |
| Framlag til A deildar Brúar .............. | ( 443 ) | ( 0,3% ) | ( 1.147 ) | ( 1,4% ) | 0 | 0,0% |
| Framlög til B hluta .......................... | ( 15.124 ) | ( 10,7% ) | 1.373 | 1,7% | ( 3.162 ) | ( 4,6% ) |
| Sameiginlegur kostnaður ............... | ( 33.818 ) | ( 23,9% ) | ( 23.188 ) | ( 29,3% ) | ( 25.820 ) | ( 37,3% ) |
| Fjármunatekjur og fjármagns-gjöld ........................................... | 10.999 | 7,8% | 3.629 | 4,6% | 2.863 | 4,1% |
| Aðalsjóður samtals | 36.571 | 25,8 % | 16.870 | 21,3% | ( 2.459 ) | ( 3,6% ) |
| **Aðrir sjóðir í A hluta:** | | | | | | |
| Eignasjóður ................................... | 8.687 | 6,1 % | ( 864 ) | ( 1,1% ) | ( 853 ) | ( 1,2% ) |
| A hluti samtals | 45.258 | 32,0 % | 16.006 | 20,2 % | ( 3.312 ) | ( 4,8% ) |